

Leiðbeiningar fyrir Aurora hleðslu og farhleðslustöð 22kW



Þegar hleðslustöðin er tekin í notkun er hún fyrst sett í samband við rafmagnið og Amperin (straumur) stillt á þau Amper sem tengilinn og raflögnin er gerður fyrir, sjá leiðbeiningar neðar og svo er Type 2 hulsan tengd í bílinn. Þetta er mikilvægt til að tryggja það að tölvan í hleðslustöðinni og tölvan í bílum hafi eðlileg samskipti.

Amperin eru stillt með takkanum merktum með handar tákni, það þarf að þrýsta á takkann í 3 sekúndur eða þar til byrja að blikka á skjánum og valið með því að sleppa og ýta aftur þar til sú stilling sem þú vilt er náð. Sama á við tímatafar stillinguna nema þar er stillt á tímann hvenær hleðslan á að hefjast, t.d. notað ef straumfrek eldamennska eða þvottur þarf að klára á undan hleðslu bílsins og þá stillt að bílinn byrji ekki hleðslu fyrr en eftir 2 til 3 klukkutíma.

Pegar notuð eru millistykki sem breyta í venjulegan tengil eða innstungu tveggja pinna má alls ekki stilla stöðina á hærrí Amper en 10A vegna brunahættu. Tveggja pinna tenglarnir og lagnirnar að þeim eru bara gerðar fyrir 16A í stuttan tíma. Sjá mynd af millistykki með tveggja pinna kló fyrir 10A hleðslu. Gott er að snerta tengilinn til að athuga hvort hann hitni eftir 15 til 30 mínútur í hleðslu og ef það gerist þarf að skipta um hann og vírana að honum líka.

Leiðbeiningar:



Einnig er hægt að vera með bláu klærnar þriggja pinna eins og notuð eru á tjaldstæðum með 2,5mm² vír og þá má stilla stöðina á 16A og þriggja fasa 5 pinna 16A. Þegar notuð eru 32A millistykki og 6mm² vír einna fasa má stilla stöðina á 32A. Það stendur á blá og rauðu tenglunum hvað þeir þola mikinn straum en það þarf samt að varast það að gamlar lagnir eru hugsanlega með of granna víra.

Sverleiki víra m.v. Amper er eftirfarandi:


1,5mm² þá er stöðin stillt á 10A tveggja pinna tenglar og gamlir 16A þriggja fasa tenglar líka og þar af leiðandi er öruggara að stilla stöðina á 10A

2,5mm² þá er stöðin stillt á 16A

6mm² þá er stöðin stillt á 32A

Hleðslustöðina er hægt að stilla á 10A, 16A, 20A, 25A og 32A.

Í rafmagnstöflum íbúðahúsa er yfirleitt bara einn lekastraumsrofi og þá þarf að bæta við öðrum A-gerðar eða B-gerðar lekastaumsrofa í töfluna fyrir tengilinn eða tenglana sem notaðir eru fyrir farhleðslustöðina vegna þess að það má ekki nota hleðslustöðvar fyrir rafbíla í tenglagreinar tengdar sama lekastraumsrofa og íbúðin. Ástæðan er að rafbílarnir geta gefið frá sér jafnspennu(DC) og þá er lekastraumsrofinn fyrir íbúðina óvirkur sem skapar hættu eins og gefur auga leið. Mynd hér fyrir neðan sýnir rétta uppsetningu í rafmagnstöflum fyrir mismunandi hleðslustöðvar.



Öll ábyrgð á notkun hleðslustöðvarinnar er á ábyrgð þess sem notar hana.